

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Starfsleyfisskilyrði fyrir garðauðun

1. Gildissvið og ábyrgð

- 1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir garðauðun og fyrirtæki sem veita þjónustu við úðun garða í einkaeign eða almenningseign, til útrýmingar á skordýrum og áttfætlum í trjám og runnagróðri, þegar þess er óskað af viðskiptavinum.
- 1.2 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda um það viðeigandi starfsleyfisskilyrði .
- 1.3 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækisins að öllu leyti, þar með talið að lögum og reglum sem gilda um starfsemina sé fylgt sem og kröfum heilbrigðiseftirlits.

2. Almenn skilyrði

- 2.1 Þeir einir mega stunda úðun garða í atvinnuskyni sem hafa sótt námskeið um meðferð varnarefna í landbúnaði og garðyrkju og hafa til þess leyfi Umhverfisstofnunar.
- 2.2 Óheimilt er að endurselja útrýmingarefni eða láta þau af hendi með öðrum hætti, nema að hafa til þess tilskilin söluleyfi frá umhverfisráðuneyti.
- 2.3 Sérhver sá sem stundar garðauðun skal framvísa gildu leyfisskírteini gefnu út af Umhverfisstofnun, þegar þess er óskað af viðskiptavinum og eftirlitsaðilum, til staðfestingar á því að hann hafi leyfi til að stunda úðun garða.

3. Meðferð varnarefna og flutningur

- 3.1 Varnarefni skulu vera í viðurkenndum umbúðum og merkt samkvæmt reglugerð um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra nr. 50/1984. Íslenskar öryggisleiðbeiningar með efnunum skulu vera aðgengilegar.
- 3.2 Þeim sem starfa við garðauðun ber að fylgja notkunarleiðbeiningum fyrir þau varnarefni sem þeir nota.
- 3.3 Persónuhlífar og geymsla sem ætluð er til varðveislu á varnarefnum, skulu vera viðurkenndar af Vinnueftirliti ríkisins. Um annan búnað ber að fara að fyrirmælum heilbrigðiseftirlits.
- 3.4 Óblönduð varnarefni skal geyma í læstum skáp eða læstu hólfi í geymsluherbergi, fjarri mat- og fóðurvörur. Skal geymslustaður vera greinilega auðkenndur með viðeigandi varnaðarorðum “Varúð”, “Eitur”.
- 3.5 Gæta skal fyllsta öryggis við flutning varnarefna. Efni skulu vera í lokuðum hirslum og skulu vera geymd þannig að börn eða dýr nái ekki til. Ávallt skal gæta ýtrustu varúðar og tryggja að varnarefni valdi hvorki tjóni á mönnum, dýrum, umhverfi, né berist í matvæli eða fóður.
- 3.6 Ef flutt er meira en 1 l af óþynntri lausn eða meira en 25 l af þynntri úðunarlausn skal eftirtöldum skilyrðum vera fullnægt:
 - a. Tank skal festa tryggilega á flutningstæki.

- b. Óþynnt úðunarefni, ásamt áhöldum, er notuð eru við þynningu, skulu varðveitt í læstum skáp, sem festur er á vel vörðum stað í flutningstæki.
- c. Þétt skilrúm skal vera milli tanks og stjórnhúss flutningstækis.
- d. Flutningstæki skal þannig merkt, að greinilega megi sjá að það flytji garðaúðunarefni. Skulu orðin „Varúð-Garðaúðun“ standa utan á bifreiðinni með greinilegu lettri.

4. Varnaðarmiðar

- 4.1 Áður en úðunin hefst, skulu settir upp varnaðarmiðar, sbr. fylgiskjal I, á áberandi stöðum við alla innganga og stíga á því svæði er úða skal. Miðarnir skulu festir vandlega og letur þeirra skal vera þess eðlis, að regn eyðileggi ekki lesmál þeirra á meðan garðurinn er lokaður umferð. Eftirfarandi skal koma fram á varnaðarmiðum:
- a. Yfirskrift með stóru lettri, er segir “Varúð - Garðaúðun”.
 - b. Verslunarheiti þess efnis, er notað er og heiti virkra efna, er það inniheldur.
 - c. Nafn móteiturs ef þekkt.
 - d. Hversu lengi garðurinn skuli lokaður allri annarri umferð en bráðnauðsynlegri.
 - e. Tímasetning og dagsetning úðunar.
 - f. Setningin: Ekki skal neyta matjurta sem úði hefur borist á fyrr en 14 dögum eftir garðaúðun.
 - g. Nafn, heimilisfang og sími þess aðila, er framkvæmir úðunina.
 - h. Stærð varnaðarmiðans skal vera minnst 14,8 x 10,5 cm. (A6), hvítur eða ljós grunnur með rauðum bókstöfum. Stærð bókstafa skal vera þannig, að auðvelt sé að lesa það sem á miðanum stendur..

5. Framkvæmd garðaúðunar

- 5.1 Við garðaúðun má einungis nota skráð varnarefni.
- 5.2 Áður en garðaúðun er framkvæmd skal leyfishafi meta þörfina fyrir úðun. Telji hann ekki þörf á úðun eða einungis þörf á úðun einstakra trjáa og runna, ber honum að upplýsa garðeiganda um það.
- 5.3 Áður en úðun hefst skal meta hættuna á því, að úðinn berist annað, en honum er ætlað. Gluggar skulu vera lokaðir og þvottur má ekki vera á snúrum. Barnavagna og laus leikföng skal setja á óhulta staði. Taka skal fullt tillit til nágrannagarða og umferðar fólks um gangstéttir. Einungis skal úða, þegar veður er nægilega kyrrt til þess að tryggt sé, að sem minnstur úði berist út fyrir garðinn. Sérstaklega skal gætt að því að úðinn falli ekki á matjurtir eða leiktæki barna.
- 5.4 Um blöndun úðunarefnisins skal fara eftir þeim fyrirmælum, er fram koma á leiðbeiningum umbúða. Óheimilt er að nota sterkari blöndu, en þar er mælt fyrir um. Gæta skal þess að blanda ekki meira magn af úðunarefni en þörf er á.
- 5.5 Sjá skal til þess að engir óviðkomandi komist í námunda við úðunarbúnaðinn og garðinn, meðan á úðun stendur.
- 5.6 Að afloknu dagsverki skal ganga tryggilega frá tækjum og úðunarefnum. Skulu þau geymd í læstu geymsluhúsnæði þegar þau eru ekki í notkun. Ef ekki er unnt að geyma tækjabúnaðinn innandyra, skal ganga þannig frá tækjabúnaði að óviðkomandi geti ekki komist í snertingu við úðunarefni.

5.7 Ef umbúðir rofna og umtalsvert magn varnarefna berst út í umhverfið skal tilkynna Neyðarlínu um óhappið án tafar. Starfsleyfishafi skal hafa við höndina nauðsynlegan neyðarbúnað, hanska, skolvatn, ísogsefni, aukaílát, o.fl. og kunna að nota þau ef slys ber að höndum.

6. Umhverfis og fyrirbyggjandi öryggisákvæði

6.1 Bannað er að endurnota tæmd ílát. Skola skal tæmd ílát og skolvatnið notað til þynningar í úðunarblönduna. Tómunum ílátum, óþynntum og þynntum úðunarefnum skal fargað í samræmi við upplýsingar á umbúðum. Tómunum vel skoluðum ílátum undan úðunarefnum í hætuflokkum B og C má farga með venjulegum úrgangi. Ílátum undan eiturfefnum í hætuflokkum X og A og leifum af slíkum efnum skal fargað sem spilliefnum og fara með á móttökustöð fyrir slíkan úrgang.

6.2 Bannað er að hella úðunarvökva, óþynntum eða þynntum í niðurföll, ár, vötn eða sjó.

7. Viðurlög

7.1 Brot á ákvæðum starfsleyfis getur varðað sviptingu starfsleyfis. Með brot á starfsleyfi og málsmeðferð skv. því skal fara skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og lögum um eiturfefni nr. 52/1988 og reglugerðum settum skv. þeim. Með brot á gildandi lögum og reglugerðum skal farið að hætti opinberra mála.